

53 2050, frá þeim tíma, og þar til sjóðurinn er orðinn 500 þúsund krónur, skulu  
6. maí jafnan  $\frac{3}{5}$  hlutar vaxtanna leggjast við höfuðstólinn, en  $\frac{2}{5}$  hlutum skal árlega  
verja samkvæmt fyrirmælum 4. gr. Þegar sjóðurinn er orðinn 500 þúsund  
krónur, skal árlega verja  $\frac{4}{5}$  hlutum vaxtanna til þeirra fyrirtækja, er stjórn  
sjóðsins á hverjum tíma álitur nytsómust, og eru að öðru leyti í samræmi við  
skipulagsskrá þessa, en  $\frac{1}{5}$  hluti leggist ávallt við höfuðstólinn, *sem aldrei má  
skerða.*

6. gr.

Hreppsnefnd Svalbarðsstrandarhrepps ásamt tveimur mönnum, kosnum á almennum hreppsfundi, hafi á hendi stjórn sjóðsins, styrkveitingar og verðlaun úr honum, er þar að kemur. Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu endurskoði og úrskurði reikninga sjóðsins hvert ár.

Í umboði Málfundafélags Svalbarðsstrandar á síðasta fundi þess.

Svalbarðseyri, 27. desember 1928.

Ásgeir Stefánsson. Jakob Björnsson. Páll Halldórsson.

54  
2. júní

## REGLUGERÐ

fyrir

bátabryggjuna í Ólafsfirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hefir yfirumsjón með bryggjunni og eignum hennar. Ræður hún sérstakan bryggjuvörð, og semur um borgun fyrir starf hans. Skal það ætíð vera útgerðarmaður í Ólafsfjarðarkauptúni.

2. gr.

Bryggjuvörður skal hafa umsjón með bryggjunni, og sjá um að hún ásamt vatnsleiðslum og raflýsingu sé ávallt í svo nothæfu ástandi, sem mögulegt er, á meðan vertíð stendur, og skal hann að öllu fara eftir fyrirmælum reglugerðar þessarar.

Eru allir sem bryggjuna nota, skyldir til að hlýða fyrirmælum hans um notkun hennar.

3. gr.

Óheimilt er að láta vörur eða annað liggja á bryggjunni, fram yfir það sem nauðsyn krefur. Sé þess ekki gætt af hlutaðeigendum, er bryggjuverði

heimilt að láta flytja það burt á þeirra kostnað. Hann getur og bannað alla ónauðsynlega umferð um bryggjuna.

54  
2. júní

#### 4. gr.

Allir, sem bryggjuna nota, eru skyldir til að ganga hreinlega um hana. Sé það ekki gert að dómi bryggjuvarðar, skal hann sjá um að það sé gert á kostnað þess, sem valdur hefir verið að óþrifnaðinum.

#### 5. gr.

Allir heimilisfastir bátar í Ólafsfirði hafa rétt til að nota bryggjuna, gegn því að greiða gjald það, sem ákveðið er í 7. gr. reglugerðar þessarar. Og skulu þeir nota rétt sinn í þeirri röð, sem þeir koma að henni.

Óheimilt er að láta báta liggja að óþörfu við bryggjuna, og skulu menn ætíð skyldir til þess að hlíta fyrir mælum bryggjuvarðar í því efni.

#### 6. gr.

Allar skemmdir, sem bryggjan verður fyrir af völdum skipa eða báta, skulu eigendur eða umráðamenn skipa þeirra, sem skemmdunum valda, bæta að fullu eftir samkomulagi eða mati dómkvaddra manna.

#### 7. gr.

Bryggjugjöld greiðast af öllum uppskipuðum og útskipuðum vörum, svo sem hér segir:

1. Af hverjum heimilisföstum bát, sem að bryggjunni leggur, sem er 6 smálestir og stærri, greiðist af hverri smálest árgjald ..... kr. 8.00
  2. Fyrir hvern vélbát minni en 6 smálestir árgjald ..... — 50.00
  3. a. Fyrir hvert skippund fiskjar ..... — 0.35
  - b. — hverja saltsildartunnu ..... — 0.20
  - c. — — smálest salt ..... — 1.00
  - d. — — — kol ..... — 1.00
  - e. — — — sement ..... — 1.00
  - f. — hvert teningsfet timbur ..... — 0.01
  - g. — hverja lýsistunnu ..... — 0.20
  - h. — hvert lifrarfat ..... — 0.30
  - i. — — steinoliufat ..... — 0.30
  - j. — — stykki af venjulegum vörum ..... — 0.10
  4. Fyrir stærri skip, sem ferma eða afferma við bryggjuna skal greiða auk stykkjagjaldsins í hvert skipti af hverri smálest ..... — 0.10
- Gjalddagi bryggjugjalda fyrir búsetta menn í Ólafsfirði er 30. dagur septembermánaðar, en aðrir bryggjunotendur greiði gjöldin í hvert sinn, er þeir nota bryggjuna.

54

2. júní

## 8. gr.

Heimilt skal hreppsnefndinni að hækka eða lækka bryggjugjöldin um 10—20% fyrir eitt ár í senn, ef henni finnst ástæða til.

Ennfremur skal henni heimilt að lækka árgjöld vélbáta, sem ekki nota bryggjuna alla vertíðina einhverra orsaka vegna. Heimilt skal og hreppsnefndinni að semja fast árgjald fyrir verzanir eða önnur stærri fyrirtæki.

## 9. gr.

Undanþegnar gjöldum samkvæmt 7. gr. 3 eru allar útgerðarvörur þeirra manna, sem greiða gjöld samkvæmt 1. og 2. lið 7. greinar, svo sem salt, steinclía o. fl.

Einnig skal útgerðarmönnum og hásetum, sem ráðnir eru upp á hlut á bátunum, heimilt að nota bryggjuna við alla aðflutninga á heimilisauðsynjum sínum, endurgjaldslaust, meðan á vertíð stendur.

## 10. gr.

Öllum, sem bryggjuna nota, er skylt að gefa bryggjuverði upp vörumagn það, er þeir skipa upp og út við bryggjuna, þegar hann óskar þess.

Nú gefur einhver ranglega upp vörumagn sitt, skal þá sá er uppvisverður að því, greiða 10 til 100 króna sekt, sem rennur í bryggjusjóð.

## 11. gr.

Gjöld samkvæmt regulgjörð þessari innheimtir bryggjuvörður og hefir allt reikningshald bryggjunnar. Skal hann fyrir lok hvers árs, afhenda hreppsnefndinni reikninga yfir tekjur og gjöld hennar.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

## 12. gr.

Tekjum bryggjunnar skal einungis varið til afborgana höfuðstóls og vaxta af skuldum hennar, og viðhalds og umbóta á bryggjunni.

Verði bryggjan skuldlaus skulu tekjur hennar lagðar í sjóð, sem nefnist bryggjusjóður og skal hann ávaxtast í Sparisjóði Ólafsfjarðar.

## 13. gr.

Verði ágreiningur milli bryggjuvarðar og bryggjunotenda út af ákvæðum reglugerðar þessarar, skal málinu skotið undir úrskurð hreppsnefndar.

## 14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 krónum, og fer um mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Sektir renna í bryggjusjóð.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi 15. júní 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. 54  
2. júní

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júní 1930.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

55  
3. júní

um

**hafnargjöld í Hafnarfirði.**

### I. KAFLI.

#### *Lestargjald.*

##### 1. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, mótorskip, bátar, hverskonar uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

##### 2. gr.

a.) Allar fleytur, sem heima eiga í Hafnarfirði og minni eru en 30 tonn brúttó, skulu greiða lestargjald tvisvar á ári, 2. jan. og 1. júlí, 1 kr. fyrir hvert nettó tonn, þó aldrei minna en 2 kr. í senn.

Uppskipunarbátar, prammar og önnur uppskipunartæki, svo og geymsluskip, greiða sama gjald, þótt stærri séu en 30 tonn brúttó.

b.) Öll skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem getur um í staflíð c. þessarar greinar, skulu greiða 20 auru lestargjald fyrir hvert nettó tonn.

c.) Skip, sem leita hafnar vegna illveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi á einhvern hátt, greiða ekki lestargjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.